

Fundargerð 10. fundar

Starfshópur um sérhæfða akstursþjónustu í Hafnarfirði.

Haldinn kl. 12, mánudaginn 12.ágúst 2019 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Sigurður Þ. Ragnarsson, Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri, Margrét Vala Marteinsdóttir, Elísabet Hansdóttir frá Ráðgjafarráði, Guðmundur Sverrisson, fjármálasviði, Þórdís Helga Ólafsdóttir, fræðslu- og frístundaþjónusta, Sigurður Guðjón Jónsson frá Mannviti og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. mál.

Formaður gerði grein fyrir fundi hjá SSH með undirbúningshópi sem er að vinna að útboði í Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Fram kom að fulltrúar þessara sveitarfélaga telja að þjónustan verði dýrari ef hvert og eitt sveitarfélag sinnir þjónustunni. Falast var eftir upplýsingum og gögnum sem unnið hefur verið með í starfshópnum um sérhæfðu akstursþjónustuna. Í ljós kom á fundinum að áhyggjur eru af þjónustunni ef Hafnarfjörður er ekki með. Búið er að framlengja samninginn við Strætó til 30.júní 2020. Starfshópurinn sammála um að halda sínu striki. Nærþjónustan muni skila sér í betri þjónustu.

2. mál.

Umræður um að bílstjórar eigi ekki að fylgja farþegum inn og út úr bílum. Liðveisla í akstursþjónustunni verði á vegum fjölskylduþjónustunnar. Lista þarf upp reglur sem eiga að vera innan útboðsins. Mikil áhersla verður á þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk. Áhersla á að bílstjórar og bílar beri auðkenni. Rætt um samningstíma og hvort hann verði 4 eða 5 ár og veður lögð áhersla á fjögurra ára samning.

3. mál.

Fundað verður með persónuverndarfulltrúa föstudaginn 16.ágúst nk. og farið yfir þau mál sem snúa að persónuverndarlögum.

4. mál.

Kynning verður í ráðum á stöðu verkefnisins á næstu vikum.

5. mál.

Rætt um gerð kostnaðargreiningar sem verður í höndum ráðgjafa frá Mannviti. Rætt um hlutfall launakostnaðar og fjárfestingar í þjónustunni.

Fundi slitið kl. 13:15.